



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagata 4
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ			
Skj. n.	10.7.2		
Innk.	17. JAN. 2012		
Abm.	HG	Fskj.	
SLR	11100043		

Snæfellsbær, 12. janúar 2012
Tilv. bréfs 23514

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 12. janúar 2012, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 21. desember 2011, varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rif, Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Sjávarútvegsráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta til fiskveiðiskipa á veiðiarinu 2011/2012.

Þó óskar bæjarstjórn Snæfellsbæjar eftir því að gerðar verði þrjár breytingar á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ sem eru:


1. Í 1. gr. C lið breytist orðalagið úr „í viðkomandi byggðarlagi“ í „í viðkomandi sveitarfélagi“.
2. Í 4. gr. 1. mgr. (8 línu) breytist orðalagið úr „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ í „í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags“.
3. Í 6. gr. 1. mgr. (lína 1) breytist orðalagið úr „innan hlutaðeigandi byggðarlaga“ í „innan hlutaðeigandi sveitarfélags“.

Rök bæjarstjórnar Snæfellsbæjar fyrir þessari breytingu er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðarkvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

